

F- 000388
/2004

Halldór Halldórsson (kt. 250764-4059), bæjarstjóri f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem leigusali, og Jónas Björnsson (kt. 090835-2709) og Bergljót Halldórsdóttir (kt. 011055-7969), sem leigutaki gera með sér svo felldan

GRUNNLEIGUSAMNING

1. grein

Leigusali selur leigutaka á leigu 747 fermetra lóð undir íbúðahús að Hlíðarvegi 15, Ísafirði (land nr. 138371), skv. meðfylgjandi mæliblaði, dags. 19. apríl 2004 og skal hún leigð með þeim kjörum sem fyrir er haft í eftirfarandi greinum:

2. grein

Lóðin skal látin á leigu til 99 ára og sé leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn, einan sér með þeim réttindum, sem lóðinni fylgja eða ásamt húsum og mannvirkjum á lóðinni. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareigenda með leigusamningnum.

3. grein

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa sem lögð eru, eða kunna að verða á hina leigðu lóð. Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi.

4. grein

Ársleiga af lóðinni skal vera 1,5% - einn og hálfur af hundraði - af fasteignamati lóðarinnar, eins og ákveðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bæjarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma, þó aldrei hærra en 5% - fimm af hundraði - af fasteignamati lóðarinnar. Leiguna skal greiða á skrifstofu bæjarstjórnar á Ísafirði og eru gjalddagar 12. janúar, 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl og 1. maí ár hvert, fyrir árið sem fer í hönd, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur skv. lögum frá 16. desember 1885. Leigutaki og veðhafi eru skildir að hlíta því, er í lög verða sett ákvæði að leiga gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

5. grein


Vilji bæjarstjórnin ekki að loknum leigutíma leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi, að láta hús, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram skal bæjarstjórnin greiða leigutaka sannvirði mannvirkja eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands þeirra.

6. grein

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samrit og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.

Ísafirði, 3. maí 2004

Yottar að dagsetningu, fjárræði
og undirskrift aðila:



nafn og kennitala

280852-2019



nafn og kennitala

290535-2059


F000358/2004

Skjal nr.
Mótttekið til þinglýsingar

10 MAÍ 2004

Frumrit stimplað
með kr. 5-600

f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar,




Bergjet Hauðsdóttir
sem leigutaki

Jónas Þórnason
sem leigutaki

INNFÆRT

11 MAÍ 2004





ÍSAFIARÐARBÆR
TÆKNIDEILD

Hafnarvegur 1, 400 Ísafirði sími: 430 8000 fax: 430 8008

Hlíðarvegur 15, Ísafirði

Landnúmer: 138371
Flatarmál: 747 fermetrar

Landnúmer: 138371
Mælikvarði: 17500
Mælt: 8
Ísafirði: 19. apríl 2004
Teiknað: 8

blað nr:
01